

28. janúar 2021

## Heilbrigðisútgjöld á Íslandi 1998–2019 *Health expenditure in Iceland 1998–2019*

### Samantekt

Í þessu riti eru meginniðurstöður heilbrigðisútgjalda kynntar fyrir árin 1998–2019, flokkaðar á grundvelli alþjóðlegra staðla og flokkunarkerfa. Útgjöld hins opinbera eru flokkuð eftir málaflokkum á grundvelli svokallaðs COFOG-flokkunarkerfis (Classification of the Functions of Government) og útgjöld einkaaðila eftir neysluflokkum á grundvelli COICOP-flokkunarkerfis (Classification of Individual Consumption by Purpose). Auk þess eru rekstrarútgjöld (e. current health expenditure) til heilbrigðismála flokkuð eftir fjármögnunaraðilum, veitendum og tegund þjónustu á grundvelli SHA-staðals (System of Health Accounts) sem þróaður var af hálfu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í samvinnu við Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) og felur í sér ítarlega og samræmda sundurliðun útgjalda og er sérstaklega ætlað að auðvelda samanburð landa á milli. Ólíkt COFOG-flokkun nær SHA-flokkunarkerfið einungis yfir rekstrarútgjöld til heilbrigðismála þar sem fjárfesting hefur verið dregin frá.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála árið 2019 námu tæpum 269 milljörðum króna eða 8,9% af landsframleiðslu og hafa hækkað lítillega sem hlutfall af landsframleiðslu síðasta áratug en námu 8,8% árið 2018. Hluttur hins opinbera nam 224 milljörðum króna árið 2019, rúmlega 83% af heildarútgjöldunum, en hluttur einkaaðila 44,6 milljörðum króna.

Samkvæmt COFOG- og COICOP-stöðlunum runnu 57% af heildarútgjöldum heilbrigðismála til þjónustu sjúkrahúsanna árið 2019, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila, tæplega 28% til þjónustu við ferlisjúklinga, 13% til lækninga- og hjúkrunarvara og rúmlega 2% til forvarna og annarra heilbrigðisþátta.

Þónokkrar breytingar hafa orðið á rekstrarfyrirkomulagi í heilbrigðiskerfinu á því tímabili sem niðurstöður spanna. Nokkur almenn sjúkrahús hafa verið sameinuð og töluverð sameining hefur einnig átt sér stað á meðal heilbrigðisstofnana síðasta áratug. Árið 1998 féllu 23 stofnanir undir almenna sjúkrahúsþjónustu en stofnanirnar voru einungis 8 árið 2019.

Rekstrarútgjöld til heilbrigðismála í aðildarríkjum OECD, samkvæmt SHA-staðlinum, námu að meðaltali 8,8% af landsframleiðslu ríkjanna árið 2018 og sama hlutfall samkvæmt bráðabirgðatölum 2019. Mikill munur er á milli einstakra ríkja en rekstrarútgjöld Íslands námu 8,4% af landsframleiðslu árið 2018 og 8,6% árið 2019.



## Inngangur

Í ritinu eru heilbrigðisútgjöld gerð upp samkvæmt COFOG-, COICOP- og SHA-stöðlum.

Rit þetta veitir notendum yfirlit um heilbrigðisútgjöld hér á landi síðustu ár. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir útgjaldaþróun málaflokksins frá árinu 1980. Í öðrum kafla er vikið að meginþjónustuflokkum heilbrigðisútgjalda á árunum 1998 til 2019. Í þriðja kafla er farið yfir útgjöld hins opinbera á þessu sviði yfir sama tímabil samkvæmt COFOG-flokkun og í þeim fjórða er gerð grein fyrir heilbrigðisútgjöldum einkaaðila samkvæmt COICOP-flokkun. Í fimmta kafla er breytingum og samruna almennu sjúkrahúsanna á tímabilinu 1998-2019 gerð skil. Í sjötta kafla er farið yfir uppgjör heilbrigðisútgjalda samkvæmt SHA-staðlinum fyrir tímabilið 2003-2019. Erlendur samanburður á meginhagstærðum heilbrigðisútgjalda á milli Íslands og OECD-ríkja er að finna í sjöunda kafla samkvæmt SHA-staðlinum.


## 1. Breyting heilbrigðisútgjalda árin 1980–2019

Útgjöld til heilbrigðismála hafa á tæplega 40 árum vaxið úr 6,3% af landsframleiðslu í 8,9% ...

Heildarútgjöld til heilbrigðismála hafa aukist úr ríflega 6,3% af landsframleiðslu í upphafi níunda áratugarins í um 8,9% af landsframleiðslu árið 2019. Það samsvarar tæplega 269 milljörðum króna á verðlagi þess árs (sjá töflu 4 í töfluviðauka, bls. 21–32). Eftir þessum mælikvarða reyndust útgjöldin hæst árið 2003 eða 10% af landsframleiðslu. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að hagvöxtur var lítil á árunum 2002 og 2003 en jókst hinsvegar verulega á árunum 2004–2007.

### Mynd 1. Heilbrigðisútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu 1980–2019

Figure 1. Health expenditures as per cent of GDP 1980–2019



Árið 2019 greiddi hið opinbera um 224 milljarða króna til heilbrigðismála og einkaaðilar 44,6 milljarða. Frá árinu 1980 hafa útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks aukist úr því sem nemur um 5,5% af landsframleiðslu í rúmlega 7,4% árið 2019. Árið 1980 námu heilbrigðisútgjöld einkaaðila 0,8% af landsframleiðslu en fóru hæst í 1,8% af landsframleiðslu árið 2003 en frá árinu 2016 hafa útgjöld einkaaðila numið um 1,5% af landsframleiðslu. Hluttur einkaaðila í heildarútgjöldum til heilbrigðismála hefur farið vaxandi, var 12,8% árið 1980 en 16,6% árið 2019. Hámarki náði þátttaka einkaaðila, heimila og félagasamtaka, árið 2010 er hún nam 19,7% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála en hefur dregist saman síðan.


... og að magni til hafa þau rúmlega þrefaldast síðan 1980.

Til þess að meta vöxt heildarútgjalda til heilbrigðismála að raungildi frá 1980 er nærtækast að staðvirða heilbrigðisútgjöld hins opinbera með verðvísitölu samneyslu

og útgjöld einkaaðila með verðvísitölu heilbrigðisútgjalda einkaneyslunnar. Í upphafi níunda áratugarins voru heildarútgjöld til heilbrigðismála um 77 milljarðar króna á verðlagi 2019 samanborið við tæplega 269 milljarða árið 2019. Heilbrigðisútgjöld hafa því rúmlega þrefaldast að magni (um 249% vöxtur) á tímabilinu. Heilbrigðisútgjöld á mann á föstu verðlagi 2019 voru um 745 þúsund krónur árið 2019, 657 þúsund um aldamót en 337 þúsund krónur í upphafi níunda áratugarins og hafa því rúmlega tvöfaldast að magni (121% vöxtur) á tímabilinu 1980-2019.

## Mynd 2. Heilbrigðisútgjöld staðvirt á verðlagi 2019

Figure 2. Health expenditure at 2019 prices



## 2. Meginþjónustuflokkar heilbrigðisútgjalda

Um 57% heilbrigðisútgjalda runnu til sjúkrastofnana árið 2019, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila.

Heilbrigðisútgjöld má sundurliða eftir meginþjónustuflokkum í samræmi við COFOG-flokkun<sup>1</sup> fyrir opinber heilbrigðisútgjöld en COICOP-flokkun<sup>2</sup> við greiningu á heilbrigðisútgjöldum einkaaðila eins og gert er í töflu 1 hér að neðan og í töflu 4, 6 og 7 í töfluviðauka (bls. 21–28). Árið 2019 runnu um 57% heilbrigðisútgjalda ársins til þjónustu sjúkrastofnana, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila, og um 28% til þjónustu við ferlisjúklinga sem þjónusta heilsugæslanna tilheyrir að hluta. Um 13% útgjaldanna voru vegna lækningavara og hjálpartækja og það sem eftir stendur, eða um 2%, runnu til forvarna, stjórnunar og annarra heilbrigðisþátta.

<sup>1</sup> COFOG stendur fyrir Classification of the Functions of Government og er staðall fyrir flokkun á útgjöldum hins opinbera eftir málaflokkum. Sameinuðu þjóðirnar gefa staðalinn út en hann er notaður af alþjóðastofnunum svo sem OECD, IMF og Eurostat. Sjá: [https://hagstofa.is/media/42440/Greinarger%C3%B0-heild\\_-310510.pdf](https://hagstofa.is/media/42440/Greinarger%C3%B0-heild_-310510.pdf).

<sup>2</sup> COICOP stendur fyrir Classification of Individual Consumption According to Purpose og er staðall til þess að flokka einkaneysluútgjöld. Sameinuðu þjóðirnar gefa flokkunina út og er hún notuð af alþjóðastofnunum svo sem OECD, IMF og Eurostat. Sjá: <https://hagstofa.is/adferdir-og-flokkun/visitolur/coicop-flokkunarkerfi-fyrir-einkaneyslu-voru-og-thjonustu/>.


**Tafla 1. Heildarútgjöld til heilbrigðismála, sundurliðuð**

Table 1. Total expenditure on health care, breakdown

Millj. kr. Million ISK	1998	2002	2006	2010	2014	2018	2019
<b>Heilbrigðisútgjöld alls</b>							
<i>Total health expenditure</i>	<b>52.484</b>	<b>82.775</b>	<b>107.223</b>	<b>143.455</b>	<b>176.305</b>	<b>248.588</b>	<b>268.583</b>
1. Lækningavörur og hjálpartæki							
<i>1. Medical products, applicances and equip.</i>	8.847	13.701	17.298	26.217	26.441	31.624	34.948
2. Þjónusta við ferlisjúklinga							
<i>2. Outpatient services</i>	12.403	18.992	26.387	35.975	47.476	67.709	74.989
3. Þjónusta sjúkrastofnana							
<i>3. Hospital services</i>	29.897	47.862	60.816	77.121	98.224	142.725	152.628
4. Forvarnir og alm. heilbrigðisþjónusta							
<i>4. Public health services</i>	245	383	516	674	640	692	673
5. Heilbrigðismál, ót.a.s.							
<i>5. Health n.e.c.</i>	1.092	1.837	2.205	3.467	3.524	5.838	5.346

**Mynd 3. Heilbrigðisútgjöld á mann á verðlagi 2019**

Figure 3. Health expenditures per capita at 2019 prices



Árið 2019 runnu 152,6 milljarðar króna til þjónustu sjúkrastofnana en það samsvarar um 423 þúsund krónum á mann og hafa útgjöld á mann til þessarar þjónustu aldrei verið hærri. Árið 1998 var 368 þúsundum króna á mann á verðlagi 2019 ráðstafað til þessarar þjónustu og er raunhækkunin því um 15% á tímabilinu. Til þjónustu við ferlisjúklinga runnu tæplega 75 milljarðar króna árið 2019 eða 208 þúsund krónur á mann samanborið við um 133 þúsund krónur árið 1998 sem er um 56% raunhækkun á tímabilinu og hafa útgjöldin á mann aldrei verið hærri en árið 2019. Til lækningavara og hjálpartækja var ráðstafað tæplega 35 milljörðum króna árið 2019 en það samsvarar tæplega 97 þúsund krónum á mann og er raunhækkunin frá 1998 einungis um 3%. Útgjöld á mann til lækningavara og hjálpartækja voru hæst árið 2009 eða tæplega 118 þúsund krónur á verðlagi 2019.

### 3. Heilbrigðisútgjöld hins opinbera 1998–2019

*Heilbrigðisútgjöld hins opinbera námu um 7,4% af landsframleiðslu 2019*


Heilbrigðisútgjöld hins opinbera eru meðal annars flokkuð eftir málafokkum í samræmi við COFOG-flokkunina eins og sjá má í töflu 2 og töflu 6 í töfluviðauka (bls. 25–26). Árið 2019 námu útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála um 224 milljörðum króna, eða það sem nemur 7,4% af landsframleiðslu sama árs, en útgjöldunum til heilbrigðismála má skipta í fimm megin þjónustuflokka. Um 68% af útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála runnu til þjónustu sjúkrastofnana, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila, um 23% til þjónustu við ferlisjúklinga og um 7% til kaupa á lækningavörum og hjálpartækjum handa ferlisjúklingum. Það sem eftir stendur, eða um 2,5%, rann til stjórnunar, forvarna og annarrar heilbrigðisþjónustu. Nánar verður farið í útgjöld til þessara þjónustuflokka hér að neðan og þróun þeirra á tímabilinu.

*Opinber útgjöld til almennrar sjúkraþjónustu námu 152 milljörðum króna 2019 eða um 5% af landsframleiðslu*

Árið 2019 námu útgjöld hins opinbera til sjúkrastofnana um 152 milljörðum króna eða sem samsvarar um 5% af landsframleiðslu þess árs og hefur það hlutfall haldist tiltölulega stöðugt frá 1998, eða á bilinu 4,5% til 5,6% af landsframleiðslu á tímabilinu en var hæst á árunum 2002 og 2003. Af útgjöldum til sjúkrastofnana árið 2019 var hlutur almennra sjúkrahúsa stærstur, 68,7% en útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana þar næst, 29,6%. Útgjöld hins opinbera vegna þjónustu sjúkrastofnana námu 420 þúsund krónum á mann árið 2019, á föstu verðlagi, sem er heldur hærri fjárhæð en undanfarin ár. Mest er hækkunin á mann vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana en þau útgjöld hafa hækkað um 26% frá árinu 2010 en útgjöld til almenna sjúkrahúsa hækkaðu um 11% á sama tímabili.

#### Mynd 4. Heilbrigðisútgjöld hins opinbera 2019, hlutfallsleg skipting

Figure 4. Public health expenditure 2019, breakdown



**Skýringar** Notes: Útgjöld flokkuð skv. COFOG staðlinum. Expenditure classified according to the COFOG classification.

**Tafla 2. Heilbrigðisútgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu 1998–2019**

Table 2. Public health expenditure 1998–2019, percent of GDP


Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i>	1998	2002	2006	2010	2014	2018	2019
<b>Opinber heilbrigðisútgjöld alls</b>							
<i>Total public health expenditure</i>	<b>7,02</b>	<b>7,96</b>	<b>7,27</b>	<b>6,88</b>	<b>6,89</b>	<b>7,29</b>	<b>7,42</b>
1. Lækningavörur og hjálpartæki							
<i>1. Medical prod., applicances and equip.</i>	0,76	0,78	0,69	0,75	0,58	0,50	0,53
1.1 Lyf							
<i>1.1 Pharmaceutical products</i>	0,66	0,64	0,55	0,57	0,40	0,32	0,35
1.2 Hjálpartæki							
<i>1.2 Other medical products</i>	0,10	0,14	0,14	0,18	0,18	0,18	0,18
2. Þjónusta við ferlisjúklinga							
<i>2. Outpatient services</i>	1,12	1,35	1,35	1,31	1,41	1,57	1,68
2.1 Almenn heilsugæsla							
<i>2.1 General medical services</i>	0,51	0,68	0,70	0,68	0,67	0,75	0,84
2.2 Sérfræðilæknar							
<i>2.2 Specialized medical services</i>	0,31	0,35	0,30	0,35	0,40	0,38	0,39
2.3 Tannlæknar							
<i>2.3 Dental services</i>	0,13	0,12	0,10	0,08	0,12	0,14	0,17
2.4 Sjúkra- og iðjuþjálfun o.fl.							
<i>2.4 Paramedical services</i>	0,17	0,20	0,25	0,21	0,22	0,29	0,29
3. Þjónusta sjúkrahúsanna							
<i>3. Hospital services</i>	4,91	5,57	4,93	4,55	4,67	5,00	5,02
3.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta							
<i>3.1 General hospital services</i>	3,78	4,06	3,53	3,22	3,27	3,40	3,45
3.2 Sérhæfð sjúkrahúsaþjónusta							
<i>3.2 Specialized hospital services</i>	0,07	0,07	0,07	0,10	0,08	0,07	0,08
3.4 Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir							
<i>3.3 Nursing and convalescent home serv.</i>	1,06	1,44	1,32	1,23	1,32	1,53	1,49
4. Forvarnir og alm. heilbrigðisþj.							
<i>4. Public health services</i>	0,04	0,04	0,04	0,04	0,03	0,02	0,02
5. Heilbrigðismál, ót.a.s.							
<i>5. Health n.e.c.</i>	0,17	0,20	0,17	0,19	0,16	0,19	0,16

**Skýringar** Notes: Kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera hafa verið dregin frá. *The households purchase of public health care is excluded. Útgjöld flokkuð skv. COFOG staðlinum. Expenditure classified according to the COFOG classification*

Árið 2019 námu útgjöld hins opinbera vegna heilbrigðisþjónustu við ferlisjúklinga 50,8 milljörðum króna eða 1,7% af landsframleiðslu. Þar af voru útgjöld vegna almennrar heilsugæslu tæplega helmingur, eða um 25,2 milljarðar króna, útgjöld vegna kaupa á sérfræðiþjónustu 11,7 milljarðar og vegna tannlækninga um 5,1 milljarður króna. Um 8,8 milljarðar króna runnu til annarrar ferliþjónustu, svo sem sjúkra- og iðjuþjálfunar. Hluti almennrar heilsugæslu í þjónustu við ferlisjúklinga hefur vaxið verulega á tímabilinu sem hér er til umfjöllunar. Árið 2019 var kostnaður vegna þessa þjónustuliðs 70 þúsund krónur á mann en um 38 þúsund krónur á mann árið 1998, reiknað á verðlagi ársins 2019. Útgjöld hins opinbera til sérfræði- og tannlæknaþjónustu, staðvirt á mann, hafa einnig aukist um 44% á tímabilinu 1998–2019. Heildarútgjöld vegna þjónustu við ferlisjúklinga námu 141 þúsund krónum á mann árið 2019 en fjárhæðin nam 83 þúsundum króna 1998, á verðlagi 2019 (sjá mynd 5).

### Mynd 5. Ferliþjónusta hins opinbera á mann, á verðlagi 2019

Figure 5. Out-patient services, per capita at 2019 prices



Lyfja- og hjálpartækjakostnaður hins opinbera, utan sjúkrahúsa, nam tæpum 16 milljörðum króna 2019 en það samsvarar um 7,1% útgjalda hins opinbera til heilbrigðismála og 0,5% af landsframleiðslu. Útgjöld hins opinbera til lyfja- og hjálpartækja námu 44 þúsundum króna á mann árið 2019 og hafa lækkað síðan 1998, sem nemur 22% að raungildi.


### 4. Heilbrigðisútgjöld einkaaðila 1998–2019

Heilbrigðisútgjöld einkaaðila námu 44,6 milljörðum króna 2019 eða 1,5% af landsframleiðslu

Heilbrigðisútgjöld einkaaðila, þ.e. heimila og félagasamtaka, má flokka eftir neysluútgjaldaflokkum eins og gert er hér í töflu 3 og töflu 7 í töfluviðauka (bls. 27–28). Við þá greiningu er notast við COICOP-flokkunina sem er alþjóðlegt flokkunarkerfi einkaneysluútgjalda. Meginniðurstaðan er sú að af þeim 44,6 milljörðum króna sem einkaaðilar vörðu til heilbrigðisþjónustu árið 2019, sem nemur 1,5% af landsframleiðslu, rann stærstur hluti útgjaldanna til ferliþjónustu og til lækningavara og hjálpartækja. Rúmlega 24 milljarðar króna af útgjöldum einkaaðila runnu til ferliþjónustu eða rúmlega 54% útgjaldanna. Tæplega 19 milljarðar króna fóru í lækningavörur og hjálpartæki eða 42,5% útgjaldanna og um 3%, fór í þjónustu sjúkrastofnana og aðra heilbrigðisþjónustu (sjá einnig mynd 6).

### Mynd 6. Heilbrigðisútgjöld einkaaðila 2019

Figure 6. Private health expenditure 2019



Skýringar Notes: Útgjöld flokkuð skv. COICOP staðlinum. Expenditure classified according to the COICOP classification

### Tafla 3. Heilbrigðisútgjöld einkaaðila sem hlutfall af landsframleiðslu 1998–2019

Table 3. Private health expenditure 1998–2019, percent of GDP

Hlutfall af VLF / Percent of GDP	1998	2002	2006	2010	2014	2018	2019
<b>Heilbrigðisútgjöld einkaaðila alls</b> <i>Total private health expenditure</i>	<b>1,73</b>	<b>1,75</b>	<b>1,58</b>	<b>1,68</b>	<b>1,61</b>	<b>1,48</b>	<b>1,48</b>
1. Lækningavörur og hjálpartæki <i>1. Medical prod., applicances and equip.</i>	0,72	0,83	0,72	0,81	0,69	0,61	0,63
1.1 Lyf <i>1.1 Pharmaceutical products</i>	0,47	0,58	0,46	0,54	0,43	0,38	0,38
1.2 Aðrar lækningavörur og tæki <i>1.2 Other medical products</i>	0,25	0,25	0,26	0,27	0,25	0,23	0,25
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>2. Outpatient services</i>	0,96	0,87	0,81	0,83	0,87	0,82	0,80
2.1 Heilsugæsla og sérfræðingar <i>2.1 General and special med. serv.</i>	0,32	0,28	0,26	0,25	0,26	0,24	0,24
2.3 Tannlæknar <i>2.3 Dental services</i>	0,51	0,48	0,43	0,45	0,44	0,42	0,41
2.4 Sjúkra- og iðjuþjálfun o.fl. <i>2.4 Paramedical services</i>	0,13	0,12	0,12	0,13	0,16	0,16	0,16
3. Sjúkrahúsþjónusta <i>3. Hospital services</i>	0,04	0,04	0,04	0,03	0,04	0,03	0,03
5. Heilbrigðismál, ót.a.s. <i>5. Health n.e.c.</i>	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01

Útgjöld einkaaðila á mann vegna þjónustu við ferlisjúklinga stóðu hvað næst í stað að raungildi á tímabilinu frá 1998 til 2010 og námu um 50–54 þúsund krónum á mann á ári miðað við verðlag 2019. Frá árinu 2011 hafa þessi útgjöld aukist og námu um 67 þúsund krónum á mann árið 2019. Af þeirri fjárhæð fóru um 34 þúsund krónur í tannlæknaþjónustu, 20 þúsund krónur í heilsugæslu- og sérfræðiþjónustu og 13 þúsund krónur fóru í aðra ferliþjónustu eins og sjúkra- og iðjuþjálfun. Mest var hækkunin í útgjöldum á mann til sjúkra- og iðjuþjálfunar, sem hafa tvöfaldast á



tímabilinu frá árinu 1998 en eins og sjá má í töflu 3 er það eini flokkur útgjalda sem hækkað hefur sem hlutfall af landsframleiðslu síðan 1998.


Af útgjöldum einkaaðila árið 2019 runnu tæplega 32 þúsund krónur á mann til lyfjakaupa og tæplega 21 þúsund krónur á mann til annarra lækningavara og tækja. Útgjöld einkaaðila vegna lækningavara hafa aukist nokkuð að raungildi á umræddu tímabili en árið 1998 námu þau 37 þúsund krónum á mann, á verðlagi 2019, en 53 þúsund krónum árið 2019, sem samsvarar um 40,9% aukningu að raungildi frá árinu 1998.

## 5. Breyting og samruni sjúkrahúsa 1998-2019

Þjónusta sjúkrastofnana hefur á tímabilinu verið stærsti liður opinberra heilbrigðisútgjalda og er undirflokkurinn almenn sjúkrahúspjónusta þar stærst. Á þeim tveimur áratugum sem tímaraðir heilbrigðisútgjalda ná yfir hafa orðið verulegar breytingar á umhverfi almennrar sjúkrahúspjónustu hér á landi. Árið 1998 voru 23 stofnanir flokkaðar til almennrar sjúkrahúspjónustu. Tvær þeirra eru áberandi stærstar miðað við útgjöld árið 1998, Ríkisspítalar með 44,6% hlutdeild í ríkisútgjöldum almennrar sjúkrahúspjónustu og Sjúkrahús Reykjavíkur með 26,6% hlutdeild. Þessar stofnanir voru sameinaðar árið 2000 og nam hlutdeild sameinaðar stofnunar um 71,5% útgjaldanna það ár. Árið 2001 var nafni sameinaðar stofnunar breytt í Landspítali - háskólasjúkrahús og aftur árið 2008 í Landspítali. Þessi stofnun er langstærst í almennri sjúkrahúspjónustu hér á landi og eru útgjöld hennar um og yfir 70% af heildinni á tímabilinu sem hér er fjallað um.

### Mynd 7. Skipting útgjalda almennu sjúkrahúsanna árið 1998

Figure 7. General hospitals' breakdown of expenses in 1998




Sjúkrahús Suðurnesja og heilsugæsla var sameinuð undir merkjum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) árið 1998. Á þessu tímabili sem til umfjöllunar er hefur staðið yfir endurskipulagning heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni með sameiningu heilbrigðisumdæma. Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) tók til starfa árið 2000 með sameiningu heilbrigðisstofnana á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Neskaupsstað og heilsugæslustöðvanna á Vopnafirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og á Djúpavogi. Á svipuðum tíma voru Heilsugæslustöð Norður-Þingeyjarsýslu og Heilbrigðisstofnunin Húsavík sameinuð undir heitinu

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Sundabúð II, Vopnafirði var sameinuð Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Árið 2004 var Heilbrigðisstofnunin Selfossi sem og allar heilsugæslustöðvar á Suðurlandi sameinaðar í eina stofnun undir heitinu Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU). Um áramótin 2005/6 voru St. Jósefsspítali Hafnarfirði og Hjúkrunarheimilið Sólvangur sameinuð. Með fjárlögum 2010 voru heilsugæslustöðvarnar í Borgarnesi, Ólafsvík, Grundarfirði og Búðardal og St. Franciskuspítali í Stykkishólmi sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE). Þá voru Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ og Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (H Vest). Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar og Heilsugæslustöð Ólafsfjarðar voru einnig, í byrjun árs 2010, sameinaðar í Heilbrigðisstofnunina Fjallabyggð. Snemma árs 2011 voru St. Jósefsspítali í Hafnarfirði og Landsspítali sameinaðir. Um mitt ár 2014 gaf Heilbrigðisráðherra út reglugerðir um áframhaldandi sameiningu heilbrigðisumdæma sem tóku gildi síðar sama ár, þar sem Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði sameinuðust undir nafni Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Heilbrigðisstofnanir á Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð, heilsugæslustöðvarnar á Dalvík og Akureyri og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sameinuðust í Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), en með þeirri sameiningu voru allar heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi sameinaðar í eina að undanskyldu Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) og nokkrum hjúkrunar- og dvalarheimilum á Norðurlandi. Þá voru Heilbrigðisstofnanir Suðausturlands, Suðurlands og í Vestmannaeyjum einnig sameinaðar undir Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Þessi sameining heilbrigðisstofnana gerði það að verkum að árið 2019 hafði stofnunum sem sinna almennri sjúkrahúspjónustu fækkað í 8, þar sem Landspítalinn bar stærstan hluta ríkisútgjaldaútgjalda í flokki almennrar sjúkrahúspjónustu, eða um 79,4% þeirra og Sjúkrahúsið á Akureyri þar á eftir með tæplega 10% útgjaldanna, eins og sjá má á mynd 8.

### Mynd 8. Skipting útgjalda almennu sjúkrahúsanna árið 2019

Figure 8. General hospitals' breakdown of expenses in 2019



## 6. Uppgjör heilbrigðisútgjalda samkvæmt SHA-staðli 2003–2019

Hér að framan hefur verið farið yfir heilbrigðisútgjöld samkvæmt COFOG og COICOP flokkunarkerfunum, en nú verður umfjöllun snúið að SHA flokkun. SHA (System of Health Accounts) er flokkunarkerfi heilbrigðisútgjalda sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur þróað í samstarfi við Eurostat, hagstofu Evrópu-sambandsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) og fyrst kynnt árið 2000. Ný útgáfa flokkunarkerfisins var gefin út árið 2011, þekkt sem SHA 2011, en talnaefni er nú birt samkvæmt þessari nýju útgáfu flokkunarkerfisins og er það til umfjöllunar hér.


Í SHA flokkunarkerfinu eru heilbrigðisútgjöld flokkuð eftir fjármögnunaraðilum, veitendum og tegund þjónustu. Flokkunarkerfið hefur ýmsa kosti, m.a. gefst notendum tækifæri til að greina útgjöld út frá tveimur víddum í einu, þ.e. flokkunarkerfið er margvítt. Helsta breyting á flokkunarkerfinu frá síðustu útgáfu er að hlutur fjárfestingar (e. investment in infrastructure) í heilbrigðisútgjöldum er dreginn frá heildarútgjöldum. Með því er lögð áhersla á samanburð rekstrarútgjalda til heilbrigðismála (e. current health expenditure). Hér að neðan eru meginniðurstöður heilbrigðisútgjalda flokkaðar samkvæmt nýrri útgáfu staðalsins fyrir tímaraðina 2003-2019, en þær víkja nokkuð frá niðurstöðum eftir COFOG-flokkun. Við undirbúning og vinnslu SHA-flokkunarinnar er þess gætt að samræmi ríki milli heildarniðurstöðu flokkunarkerfanna þannig að einungis sé munur á heildarútgjöldum hvað fjárfestingu varðar, þó hluti útgjaldaflokka SHA og COFOG geti verið mismunandi vegna aðferðafræði flokkunar. Árið 2018 reyndust heildarrekstrarútgjöld til heilbrigðismála vera um 238 milljarðar króna eða rúmlega 8,4% af landsframleiðslu en samkvæmt bráðabirgðatölum ársins 2019 námu heildarrekstrarútgjöldin 259 milljörðum, samkvæmt SHA 2011 staðlinum.

### 6.1 Fjármögnunaraðilar heilbrigðisútgjalda

Upplýsingar um fjármögnunaraðila heilbrigðisþjónustunnar 2003-2019 koma fram í töflu 8 í töfluviðauka (bls. 29). Hið opinbera fjármagnaði 82,8% af kostnaði við veitingu þjónustunnar árið 2019, samkvæmt bráðabirgðatölum, og útlagður kostnaður heimilanna nam tæpum 15,6% af rekstrarútgjöldum. Afgangur útgjalda vegna veitingar heilbrigðisþjónustunnar var fjármagnaður af félagasamtökum eins og sjá má af mynd 9.

### Mynd 9. Fjármögnunaraðilar heilbrigðisútgjalda, innbyrðis skipting

Figure 9. Current health expenditure financing breakdown, %



<sup>1</sup>Bráðabirgðatölur fyrir árið 2019. <sup>1</sup>Preliminary figures for 2019

Rekstrarútgjöld flokkuð skv. SHA-2011 staðlinum. Current expenditure classified according to SHA2011

Eins og sjá má af mynd 9 hefur hlutur fjármögnunaraðila heilbrigðisþjónustu haldist stöðugur undanfarinn áratug. Hið opinbera er stærsti fjármögnunaraðilinn og fjármagnar um 80% rekstrarútgjaldanna, hæst árið 2019, eða tæplega 83%. Útlagður kostnaður heimilanna, sem hlutfall af rekstrarútgjöldum, hefur farið lækkandi síðan 2003, úr 17,4% í 15,6% árið 2019 en var þó hæst árið 2010, þá 18,7%. Hluttur félagasamtaka í fjármögnun hefur verið á bilinu 1,3% til 1,7% á tímabilinu.

### 6.2 Tegundir heilbrigðisþjónustu

SHA-staðallinn skiptir heilbrigðisþjónustu í sjö meginflokka eftir tegund þjónustu (sjá einnig töflu 9 í töfluviðauka, bls. 30-31). Þessir flokkar eru:

1. Þjónusta í lækningaskyni (e. *Curative care*)
2. Endurhæfing (e. *Rehabilitative care*)
3. Langtímahjúkrun (e. *Long-term care (health)*)
4. Stoðþjónusta (e. *Ancillary services to health care*)
5. Lækninga- og hjúkrunarvörur og hjálpartæki (e. *Medical goods (non-specific by function)*)
6. Forvarnir og þjónusta á sviði lýðsheilsu (e. *Preventive care*)
7. Stjórnsýsla og fjármögnun heilbrigðiskerfa (e. *Governance and health system and financing administration*)

Umfangsmesti flokkurinn er þjónusta í lækningaskyni en tæplega 54% rekstrarútgjalda til heilbrigðismála runnu til þeirrar þjónustu árið 2019, eða 139,4 milljarðar króna samkvæmt bráðabirgðatölum ársins 2019. Þar af nemur þjónusta innlagðra í lækningaskyni 64,9 milljörðum króna og þjónusta við ferlisjúklinga í lækningaskyni nemur 64,5 milljörðum króna. Sem hlutfall af heildarútgjöldum til heilbrigðismála hefur þjónusta í lækningaskyni staðið í stað og verið rétt rúmlega 50% síðan 2003.

Næst umfangsmesti flokkur rekstrarútgjalda til heilbrigðismála er langtímahjúkrun, þó lítillega hafi dregið úr hlutdeild þjónustunnar síðan 2011. Til hennar runnu 50,7


milljarðar króna árið 2019, eða 19,6% útgjaldanna en slík þjónusta fer fram inni á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og hjúkrunarheimilum. Þriðji stærsti flokkurinn að umfangi er lækninga- og hjúkrunarvörur og hjálpartæki sem tekur til sín 13,6% útgjaldanna, eða 35,3 milljarða króna árið 2019 og hafa þau lækkað úr 17,6% af heilbrigðisútgjöldum árið 2003.

Útgjöld vegna endurhæfingar námu um 16,7 milljörðum króna árið 2018, eða 7% af rekstrarútgjöldum til heilbrigðismála en 17,6 milljörðum samkvæmt bráðabirgðatölum 2019 og hefur vaxið úr 5% af heildinni síðan 2003.

Rekstrarútgjöld til forvarna námu 2,6% af heildinni árið 2018, þau voru um 6,1 milljarður króna þar sem stærstur hluti útgjalda rennur til verkefna tengdum snemmbúinni uppgötvun sjúkdómstílfella. Árið 2019 námu rekstrarútgjöld til forvarna 7,2 milljörðum króna, samkvæmt bráðabirgðatölum. Hlutdeild stoðþjónustu í rekstrarútgjöldum ársins 2019 var 2,5%, eða 6,4 milljarðar króna og hlutdeild stjórnsýslu 1,1% af heildinni eða tæplega 2,7 milljarðar króna.

### Mynd 10. Heilbrigðisútgjöld eftir tegund þjónustu 2019<sup>1</sup>, innbyrðis skipting

Figure 10. Current health expenditure by function of care, 2019<sup>1</sup> breakdown, %



<sup>1</sup>Bráðabirgðatölur fyrir árið 2019. <sup>1</sup>Preliminary figures for 2019

Rekstrarútgjöld flokkuð skv. SHA-2011 staðlinum. Current expenditure classified according to SHA

Samkvæmt bráðabirgðatölum ársins 2019 er flokkurinn *þjónusta í lækningaskyni* stærsti útgjaldaliður bæði hins opinbera og heimilanna, þegar útgjöld eru flokkuð eftir tegund. Hvað útgjöld heimilanna varðar er það undirflokkurinn *tannlækningar á stofum* sem þar vegur þýngst, en hvað hið opinbera varðar er það *þjónusta við innlagða í lækningaskyni* sem þýngst vegur í útgjöldum vegna þjónustu í lækningaskyni.

### 6.3 Heilbrigðisútgjöld flokkuð eftir veitendum þjónustunnar

Þriðja flokkunvidd heilbrigðisútgjalda samkvæmt SHA-staðlinum byggir á flokkun veitenda þjónustunnar. Hún er eftirfarandi (sjá einnig töflu 10 í töfluviðauka, bls. 32):

1. Sjúkrahús (e. *Hospitals*)
2. Hjúkrunar- og dvalarstofnanir (e. *Residential long-term care facilities*)
3. Veitendur ferliþjónustu (e. *Providers of ambulatory health care*)
4. Veitendur stoðþjónustu (e. *Providers of ancillary services*)
5. Smásalar, og aðrir sem veita lækninga- og hjúkrunarvörur (e. *Retailers and other providers of medical goods*)
6. Veitendur forvarna (e. *Providers of preventive care*)
7. Stjórnisýsla og fjármögnun heilbrigðiskerfa (e. *Providers of health care system administration and financing*)
8. Aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu (innanlands) (e. *Rest of the economy*)
9. Önnur lönd (e. *Rest of the world*)


Sjúkrahús voru langstærsti veitandi heilbrigðisþjónustu hér á landi árið 2018 og runnu til þeirra 39,7% af rekstrarútgjöldunum, eða um 94,6 milljarðar króna. Samkvæmt bráðabirgðatölum 2019 reyndist hlutur sjúkrahúsa sem veitandi heilbrigðisþjónustu 39,3%. Hlutur almennu sjúkrahúsana hefur lækkað síðan 2003 þegar hann nam 41,2% af heilbrigðisútgjöldum. Næst stærsti hópur veitenda heilbrigðisþjónustu hér á landi eru veitendur ferliþjónustu. Veitendur ferliþjónustu eru heilsugæslur, læknaströf, tannlæknaströf og stofur annara heilbrigðisstétta. Til veitenda ferliþjónustu runnu 26,9% af heilbrigðisútgjöldum ársins 2019 og hefur hlutfallið vaxið frá árinu 2003, þá 22,5% af heilbrigðisútgjöldum. Af veitendum ferliþjónustu eru heilsugæslur veigamestar og taka til sín tæplega 10% af heilbrigðisútgjöldum ársins samkvæmt bráðabirgðatölum ársins 2019 og tannlæknar með 6,7% heilbrigðisútgjalda.

Hjúkrunar- og dvalarstofnanir báru 15,1% af rekstrarútgjöldum til heilbrigðismála árið 2019 samkvæmt bráðabirgðatölum, sem er lægra hlutfall en undanfarin ár. Rétt er að benda á að hluti öldrunarþjónusta sem veitt er á öldrunar- eða hjúkrunarheimilum er talin til velferðarmála en ekki heilbrigðismála.

Hlutur smásala og annarra sem veita lækninga- og hjúkrunarvörur nam um 13,6% af rekstrarútgjöldum til heilbrigðismála árið 2019, þar sem stærsti hlutinn rann til apóteka/lyfsala. Útgjöld vegna veitingar þjónustu lyfsala hafa á tímabilinu lækkað úr 13,2% allra heilbrigðisútgjalda árið 2003 í 8,5% árið 2019. Til veitenda stoðþjónustu rann 2,5% af heilbrigðisútgjöldum ársins 2019 og til veitenda forvarnarþjónustu, annara en heilsugæslu, rann 0,6% heilbrigðisútgjalda.

### Mynd 11. Heilbrigðisútgjöld eftir veitendum þjónustu 2019<sup>1</sup>, innbyrðis skipting

Figure 11. Current health expenditure by providers of care, 2019<sup>1</sup> breakdown, %



<sup>1</sup>Bráðabirgðatölur fyrir árið 2019. <sup>1</sup>Preliminary figures for 2019

Rekstrarútgjöld flokkuð skv. SHA staðlinum. Current expenditure classified according to SHA

## 7. Erlendur samanburður

Við erlendan samanburð er notast við flokkunarkerfi SHA, kynnt hér að framan og rétt að minnast á að við aðferðafræði slíkrar flokkunar er fjárfesting dregin frá heildarútgjöldum (sjá einnig töflu 11 í töfluviðauka, bls. 33).


Rekstrarútgjöld til heilbrigðismála í ríkjum OECD voru að meðaltali 8,8% af vergri landsframleiðslu ríkjanna árið 2018 og samkvæmt bráðabirgðatölum ársins 2019 stendur hlutfallið í stað. Þetta hlutfall er sambærilegt meðaltali síðasta áratugs en mikill munur er á milli einstakra ríkja. Í Bandaríkjunum var hlutfall heilbrigðisútgjalda af landsframleiðslu til að mynda tæp 17% árið 2018 en 4,2% í Tyrklandi. Hér á landi voru heilbrigðisútgjöld 8,4% af vergri landsframleiðslu árið 2018, 8,1% árið 2015 og 8,2% árið 2011.

Svíþjóð varði að verðmæti 10,9% af vergri landsframleiðslu sinni til heilbrigðismála árið 2018, Noregur 10,0%, Danmörk 10,1% Finnland 9,0% og Sviss 11,9%. Á þessum mælikvarða er Ísland í 17. sæti OECD-ríkjanna (sjá mynd 14).

Samkvæmt SHA flokkunarkerfinu er meginhluti útgjalda til heilbrigðismála hér á landi fjármagnaður af hinu opinbera eða 82,4% árið 2018, en það samsvarar 6,9% af vergri landsframleiðslu. Hluttur hins opinbera af heilbrigðisútgjöldum innan OECD-ríkjanna var að meðaltali 73,7% árið 2018. Hluttur hins opinbera af heilbrigðisútgjöldum var hæstur í Noregi, 85,3%, en lægstur í Mexíkó, 50,8%. Á hinum Norðurlöndunum var hluttur hins opinbera sambærilegur og hér á landi eða 82–85%, að Finnlandi undanskildu þar sem hluttur hins opinbera í heilbrigðisútgjöldum nam 77%.

### Mynd 13. Heilbrigðisútgjöld OECD-ríkja sem % af VLF 2018

Figure 13. Current health expenditure in OECD countries as % of GDP in 2018



Rekstrarútgjöld til heilbrigðismála skv. SHA staðlinum Current health expenditure classified according to SHA


**Heimild/Source:** OECD Health Data 2021 janúar og Hagstofa Íslands/ OECD Health Data January 2021 and Statistics Iceland.

Heilbrigðisútgjöld sem hluti af landsframleiðslu hafa farið lítillega vaxandi í flestum OECD-ríkjum síðustu ár. Að meðaltali runnu um 7,9% af landsframleiðslu ríkjanna til málaflöksins í upphafi tíunda áratugarins borið saman við um 8,8% árið 2018 og 2019, samkvæmt bráðabirgðatölum ársins 2019. Á tímabilinu 2003-2019 jukust heilbrigðisútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu, einna mest í Japan (45,3%) og Eistlandi (39,7%). En í Lúxemborg drógust heilbrigðisútgjöld sem hluti af landsframleiðslu saman um 22,6% og um 21,7% í Ungverjalandi. Frá árinu 2010 hafa heilbrigðisútgjöld á Íslandi sem hlutfall af landsframleiðslu verið undir meðaltali OECD ríkjanna.



**Mynd 14. Heilbrigðisútgjöld nokkurra OECD-ríkja sem % af VLF 2003–2019**

Figure 14. Health expenditure in selected OECD countries as % of GDP in 2003–2019



Rekstrarútgjöld til heilbrigðismála skv. SHA staðlinum. Current health expenditure classified according to SHA.

**Heimild Source:** OECD Health Data 2021 janúar og Hagstofa Íslands/ OECD Health Data January 2021 and Statistics Iceland.

## **Viðauki 1: Meginheimildir við skýrslugerð um heilbrigðisútgjöld**

Þegar fjallað er um heilbrigðisútgjöld hins opinbera er átt við heilbrigðisútgjöld ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitafélaga en ekki er gerður greinarmunur á því hvaðan heilbrigðisútgjöld hins opinbera eru upprunin.

### **Heilbrigðisútgjöld ríkissjóðs**

Við endanlegt uppgjör á útgjöldum ríkissjóðs til heilbrigðismála samkvæmt COFOG og SHA-flokkunarkerfunum eru gerðar nokkrar lagfæringar. Í fyrsta lagi þarf að leiðrétta sértekjur ríkissjóðs sem hafa að fullu verið dregnar frá viðeigandi útgjaldalið. Til frádráttar á hinsvegar einungis að draga þær sértekjur sem flokkast sem sala á þjónustu en ekki sértekjur eins og vaxtatekjur eða framlög. Í öðru lagi þarf að leiðrétta útgjöld vegna lífeyrissjóðsskuldbindinga sem myndast á árinu vegna vinnu starfsmanna sem eru í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða hjúkrunarfræðinga. Í þriðja lagi þarf að taka tillit til menntunarkostnaðar á Landspítalanum (háskólasjúkrahús) sem flokkast með útgjöldum ríkissjóðs til fræðslumála. Afskriftum fastafjármuna er ekki dreift á einstök viðfangsefni opinberra útgjalda og hafa þær því ekki áhrif.

### **Heilbrigðisútgjöld almannatrygginga**

Þær undirgreinar almannatrygginga sem koma að heilbrigðisþjónustunni í einhverri mynd samkvæmt flokkunarkerfum bæði COFOG og SHA eru sjúkra- og slysatryggingar, daggjaldastofnanir og stjórnunarkostnaður Tryggingastofnunar.

Útgjöld slysatrygginga vegna læknis- og sjúkrakostnaðar flokkast sem heilbrigðismál en önnur útgjöld þeirra sem velferðarmál. Um útgjöld almannatrygginga vegna þjónustu daggjaldastofnana er rétt að árétt að til heilbrigðismála teljast einungis þau útgjöld almannatrygginga sem eru vegna hjúkrunarþjónustu.

### **Heilbrigðisútgjöld sveitarfélaga**

Hagstofa Íslands hefur samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og innanríkisráðuneytið um Upplýsingaveitu sveitarfélaganna. Þar er safnað ýtarlegum upplýsingum frá öllum sveitarfélögum landsins um rekstur og efnahag þeirra. Hagstofan greinir útgjaldaupplýsingarnar samkvæmt COFOG-flokkuninni. Heilbrigðismál eru ekki meginmálaflokkur sveitarfélaga hér á landi.

### **Heilbrigðisútgjöld einkaaðila**

Útlagður kostnaður einkaaðila vegna heilbrigðisþjónustu skiptist í þrjá meginþætti þ.e. (1) kaup á lyfjum og lækningavörum, (2) kaup á heilsugæslu- og tannlæknaþjónustu og sjúkra-, iðju- og talþjálfun og (3) kaup á þjónustu sjúkrastofnana. Við vinnslu á upplýsingum um lyf og lækningavörur er stuðst við veltutölur úr tengdum atvinnugreinum, gögn frá Tryggingastofnun ríkisins og Lyfjagreiðslunefnd. Þá er stuðst við reglubundnar útgjaldarannsóknir Hagstofu Íslands. Við mat á kaupum á heilsugæslu-, sérfræði- og tannlæknaþjónustu er tekið mið af rannsókn á útgjöldum heimilanna og fólksfjölda. Einnig eru notaðar upplýsingar frá velferðarráðuneytinu um fjölda heimsókna til lækna og stöðva þeirra og meðalkostnað heimsóknar á sjúkling. Um kaup á þjónustu sjúkrastofnana er stuðst við upplýsingar frá þeim.

## English summary

In this publication the main figures regarding Icelandic health expenditure are presented for the years 1998-2019, classified by international classification systems and frameworks. Firstly the total health expenditure is classified through the COFOG classification system, for public expenditure, and COICOP classification, for private expenditure. Secondly the current health expenditure is classified according to the SHA 2011 framework, back to 2003. The SHA framework consists of three classification groups where expenditure is classified by financing scheme, providers and function of service. Unlike the COFOG classification, the SHA framework covers only current health expenditure, where investment has been deducted. In tables 8-10, the current health expenditure is classified by financing and functions of health care as well as by providers of health care.

